



**76. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar
fimmtudaginn 21. febrúar 2013, kl. 15:00.**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) stjórnar Félags-og skólaþjónustu frá 7. febrúar 2013
 2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 14. febrúar 2013
 3. Bréf frá Eyðibýli á Íslandi dags. 15. febrúar 2013
 4. Erindi frá Saman hópnum dags. 25. janúar 2013
 5. Erindi frá Sveini M. Sveinssyni dags. 13. febrúar 2013
 6. Erindi frá Laxasetri Íslands dags. 12. febrúar 2013
 7. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 12. febrúar 2013
 8. Erindi frá Forvarnarbókinni um ávana-og vímuefni dags. 8. febrúar 2013
 9. Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Blönduósbæ
 10. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
 - a) **stjórnar Félags-og skólaþjónustu frá 7. febrúar 2013**
Lögð fram til kynningar.
2. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 14. febrúar 2013**
27. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið föstudaginn 15. mars 2013.

Fulltrúi Blönduósarbæjar Ágúst Þór Bragason mætir ásamt bæjarstjóra fyrir hönd sveitarfélagsins.
3. **Bréf frá Eyðibýli á Íslandi dags. 15. febrúar 2013**
Félagið Eyðibýli – áhugamannafélag hefur staðið fyrir umfangsmikilli rannsókn á yfirgefnum íbúðarhúsum í sveitum landsins undir heitinu „Eyðibýli á Íslandi“. Tilgangur rannsóknarinnar er að meta menningarlegt og sögulegt vægi húsanna, mögulega varðveislu þeirra og nýtingu, meðal annars í ferðaþjónustu.

Bæjarráð vísar erindinu til umsagnar landbúnaðarnefndar.
4. **Erindi frá Saman hópnum dags. 25. janúar 2013**
Óskað er eftir fjárstuðningi við forvarnarstarf Saman-hópsins fyrir árið 2013.

Bæjarráð hafnar erindinu.



5. Erindi frá Sveini M. Sveinssyni dags. 13. febrúar 2013

Óskað er eftir að fasteignagjöld á gömlu kirkjunni verði felld niður samkvæmt heimild í lögum. Með vísan til 5. mgr. 19. gr. laga um menningarminjar samþykkir bæjarráð að fella niður fasteignagjöld á gömlu kirkjunni.

6. Erindi frá Laxasetri Íslands dags. 12. febrúar 2013

Laxasetur Íslands óskar eftir að Blönduósarbær veiti styrk sem nemur álögðum vatnsskatt sem lagður er á Efstubraut 1 þar sem Laxasetrið er til húsa.

Bæjarráð samþykkir að veita styrk sem þessu nemur.

7. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 12. febrúar 2013

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósarbæjar um umsókn Sigurðar Jóhannessonar, kt. 140167-3049, Holtabraut 2, 540 Blönduósi, f.h. Þorsteinshúss, um leyfi til að reka gististað í flokki II, við Aðalgötu 11, 540 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

8. Erindi frá Forvarnarbókinni um ávana-og vímuefni dags. 8. febrúar 2013

Óskað er eftir styrkbeiðni.

Bæjarráð hafnar erindinu.

9. Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Blönduósbæ

Fyrir fundinn liggja drög að siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Blönduósbæ.

Bæjarráð vísar reglunum til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

10. Önnur mál

Kynntar voru umsóknir um starf fjármálastjóra. 10 umsækjendur voru um starfið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:05

Anna Margret Sigurðardóttir
Kári Kárason (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)